



Almennur söngur

Nú legg ég augun aftur,	Ég fel í forsjá þína,
ó, Guð, þinn náðarkraftur	Guð faðir, sálu mína,
mín veri vörn í nótt.	Því nú er komin nótt.
Æ, virst mig að þér taka,	Um ljósið lát mig dreyma
mér yfir láttu vaka	og ljúfa engla geyma
þinn engil, svo ég sofi rótt.	öll börnin þín, svo blundi rótt.

<i>Foersom / Sveinbjörn Egilsson -</i>	<i>Matthías Jochumsson -</i>
<i>P.C. Crossing 1820</i>	<i>P.C. Crossing 1820</i>

Blessun

Eftirspil

Memory

Andrew Lloyd Webber - Trevor Nunn

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Magnús Ragnarsson

Söngur: Voces Masculorum

Einsöngur: Benedikt Kristjánsson

Fíðluleikur: Matthías Stefánsson

Útfararþjónusta Akraneskirkju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni



*Benedikt Björn
Jónmundsson*

Fæddur 5. ágúst 1944

Dáinn 2. janúar 2023



*Útför frá Akraneskirkju
mánudaginn 16. janúar 2023*

Forspil

Make You Feel My Love
Bob Dylan

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
.: Hærra, minn Guð, til þín, .:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
.: Hærra, minn Guð, til þín, .:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
.: Hærra, minn Guð, til þín, .:
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Einsöngur

Og þess vegna erum við hér í kvöld
Magnús Þór Sigmundsson

Ritningarorð

Einsöngur

Dýrð í dauðapögn
Ásgeir Trausti - Júlíus Ádalsteinn Róbertsson

Guðspjall

Er sumarið kom yfir sæinn
og sólskinið ljómaði um bæinn
og vafði sér heiminn að hjarta,
ég hitti þig, ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum
með sumar í hjörtunum ungu,
- hið ljúfasta' úr lögunum mínum,
ég las það í augunum þínum.

Þótt húmi um heiðar og voga,
mun himinsins stjörndýrð loga
um ást okkar, yndi og fögnuð,
þó andvarans söngrodd sé þögnuð..

Sigfús Halldórsson - Tómas Guðmundsson

Minningarorð

Fiðluleikur

Kveðjulaug frímúrara
Þórarinn Guðmundsson

Bæn

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.

Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur, ef allt er hljótt.

Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin
og guð til að styrkja mig.
Eg fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyr en eg elsaði þig.

Eg fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði eg að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyr en með sjálfum mér.

Ást mín fær aldrei fölnað,
því eilíft líf mér hún gaf.
Aldirnar hrynja sem öldur
um endalaust tímans haf.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, guð — og við.

*Magnús Þór Sigmundsson -
Sigurður Nordal*

Faðir vor

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylunn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum

Moldun